

Leikskólinn Ákrar

Ársskýrsla skólaárið 2014-2015



Sigrún Sigurðardóttir og Ragnhildur Gunnlaugsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Námsskrá leikskólans	2
Uppbyggingastefnan	2
Mat á skólaárinu 2014-2015	3
Matsaðferðin.....	3
Það sem var metið.....	3
Desembermánuður.....	3
Vinna með opin efnivið.....	4
Skapandi verkefni/sköpun.....	5
Kaffitímar barnanna	5
Uppbyggingastefnan	5
Mat barnanna	5
Foreldrakönnun.....	6
Barnahópurinn	8
Starfsmannahópurinn	9
Stefna í starfsmannamálum	9
Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2013-2014	9
Húsnæði og viðhald.....	11

Námsskrá leikskólans

Á grunni aðalnámskrár eiga allir leikskólar að móta sína eigin skólanámskrá sem foreldraráð les yfir áður en nefnd á vegum sveitarfélagsins staðfestir hana. Í mars 2014 þá samþykkti leikskólanefnd Garðabæjar skólanámskrána okkar á Ökrum og er hún sýnileg á heimasíðunni. Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega og er hún unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra.

Uppbyggingastefnan

Á Ökrum er unnið eftir Uppbyggingastefnunni (Uppeldi til ábyrgðar). Uppbyggingastefnan snýst að mestu um samskipti, ef samskipti eru góð og gefandi þá má byggja á þeim árangursríkt nám. Þetta er aðferð við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum. Markmiðið er að þjálfa börn í að vera þau sem þau vilja vera út frá eigin sannfæringu en ekki bara að geðjast öðrum.

Í byrjun skólaárs fengum við Guðlaugu Erlu Gunnarsdóttur, skólastjóra í Ingunnarskóla, til okkar á starfsmannafund með námskeiðið Sáttmálagæð og samskiptaleiðir. Eftir góðan fyrirlestur var farið í starfsmannasáttmála gerð. Við fundum okkur þrjú hugtök sem við vildum hafa að leiðarljósi í allri vinnu og samskiptum okkar á milli og voru: Virðing, jákvæðni og gleði þau hugtök sem við völdum. Síðan var öllu starfsfólki skipt upp í hópa og gerði hver hópur sinn sáttmála. Þetta var mjög skemmtileg vinna og var mikil gleði við völd. Starfsfólkið fór með þessa vinnu inn í hópastarf með börnunum og gerðu allir hópar sinn sáttmála um það hvernig við vildum hafa umhverfið okkar svo öllum líði vel. Við leggjum mikla áherslu á jákvæðni í samskiptu við hvort annað og að gefa börnunum val.



Skólastjórar, sérkennslustjóri og deildarstjórar eru í teyma og koma með ákveðna punkta inn á starfsmannafundi einu sinni á önn til að halda þessari vinnu uppi. Áætlað var að teymið færi að skoða leikskóla og sjá teymisvinnu hjá öðrum leikskólum en því miður tafðist það en bættum við úr því í ár.

Mat á skólaárinu 2014-2015

Matsaðferðin

Í janúar og maí er farið í endurmat og þá skoðum við atriðin sem við settum á starfsáætlun leikskólans um haustið. Við vinnum matið á starfsmannafundum, starfsmenn hverra deilda fyrir sig vinna með atriðin í sameiningu síðan koma allir saman inn í sal og þar eru helstu niðurstöður kynntar og eftir kynningar eru niðurstöður ræddar og fundin sameiginleg leið til að gera betur. Í vor fengu foreldrar og starfsmenn rafræna könnun í netpósti sem Leikskólapúlsinn sá um og var ágætis svörun í henni. Farið var yfir niðurstöður þeirra á sér fundi og þar var rætt hvað gekk vel og hvað má bæta og reynt að finna lausnir á því (hægt að sjá niðurstöður aftar í skýrslu).

Elstu börnin fengu 5 spurningar um starfið á leikskólanum og var gaman að sjá hvað þeim fannst.

Það sem var metið

Desembermánuður.

Í desember er margt að gerast hjá okkur í leikskólanum og var byrjað í nóvember á jólagjöf til foreldra, korti og umbúðapappír þannig þegar desember kom var hægt njóta alls sem hann hafði upp á að bjóða. Það voru allir sammála því að hafa viðburðina dreifða um mánuðinn.

Kirkjuferð: Að þessu sinni var sú ákvörðun tekin að allir á Ökrum færu í kirkjuferð. Ferðin gekk að öll leyti vel nema þar sem við erum 130 manna hópur þá voru sumir sem lentu aftast í kirkjunni og sáu ekki mikið. Þegar við vorum að meta þetta þá kom sú hugmynd að við myndum leggja fyrr af stað eða það yrðu tekin frá sæti fyrir okkur eða jafnvel aðeins minni hópar sem yrðu saman í kirkjunni.

Aðventukaffi: Við gerðum breytingu á veitingum í þetta skiptið. Höfðum verið með rúnstykki með áleggi sem var erfitt í framkvæmd og því breyttum við yfir í kleinur og smákökur. Við breyttum tímasetningunni höfðum verið með morgunkaffi en það var erfitt fyrir börnin að kveðja foreldrana þannig að við breyttum þessi í síðdegiskaffi sem okkur fannst koma betur út þar sem börn og foreldrar fóru saman



Leikskólinn Akrar

heim að loknu kaffi. Á undanförunum árum hafa myndast mikil hlaup á milli deilda og læti inn í sal og prófuðum við í fyrra að hafa kaffihúsastemningu í salnum og var það ekki nóg til að stöðva hlaupin. Við vorum að hugsa um að hafa bíó í salnum næsta adventukaffi og sjá hvernig það verður.

Jólaball: Við vildum fá jólatréð tveimur dögum fyrir jólaball til að setja það upp og leyfa börnunum deginum áður að setja jólaskrautið á. Við fengum jólatréð seinnipartinn daginn fyrir jólaball þannig við tókum þá ákvörðun að kaupa gervijólatré svo við getum verið örugg næstu jól að tréð sé komið á réttum tíma. Jólaballið gekk mjög vel við fengum jólasveina frá Leikhópnum Lottu og voru þeir mjög skemmtilegir. Eftir jólaball var hátíðarmatur og í kaffitímanum voru smákökur. Fannst okkur viss stemning að hafa þetta á föstudegi.

Jólaleikrit: Ingi og Jóel komu og sýndu okkur leikritið „Strákurinn sem týndi jólunum“ og var það mjög skemmtilegt og börnin mjög áhugasöm. Leikritið átti að vera 9. desember en frestaðist til 17. desember sem var fínt þar sem nóg var að gera fyrstu vikurnar í desember.

Piparkökubakstur: Við skiptum piparkökubakstrinum niður á tvo daga þá eru það tvær deildir sem baka sama dag. Börnunum finnst þetta mjög spennandi og erum við öll sammála um að þetta er eitthvað sem við ætlum að hafa sem hefð í desember. Það þarf bara að passa upp á að það sé nóg deig fyrir alla því eftir því sem börnin verða eldri þá vilja þau gera meira.

Þjóðminjasafn: Tvær deildir fóru með börnin á Þjóðminjasafnið og heppnaðist sú ferð mjög vel. Ein deild þurfti að fella ferðina niður vegna veðurs. Það sem þarf að endurmet er fjöldi barna í ferð (því strætó var mjög fullur og var ekki pláss fyrir alla) eða hvort við pöntum litla rútu fyrir okkur öll.

Árbæjarsafn: Í heildina gekk ferðin vel en veðrið var kalt og það þurfti að bíða lengi eftir strætó. Allir fengu að fara inn í eitt húsið til að borða nestið eftir sýninguna og síðan var leikið á leikvelli fyrir utan sem krökkunum fannst mjög skemmtilegt.

Vinna með opin efnivið.

Á Ökrum erum við með mikið af kubbum og leggjum við áherslu á vinnu með þeim. Á yngstu deildinni eru börnin mjög áhugasöm með einingakubbana og eru þau með kubbastarf í hópastarfi að minnsta kosti tvisvar sinnum í mánuði og einnig með kubbana inn í Hreiðri seinnipart dags. Það var lítill áhugi að leika með Holukubba inn á yngri deild þegar þau voru með eitt sett (af minni holukubbum) en áhuginn breyttist þegar þau fengu eitt sett til viðbótar. Á eldri deildunum eru mikill áhugi með Holukubba og er hver þeirra með eitt stórt sett inn hjá sér. Það er alltaf í boði að fara í kubbana í vali/frjálsa leiknum og voru allir sammála því að það mætti setja þá markvissara inn í starfið. Það er minni áhugi á einingakubbum og er ætlunin að bæta úr því næsta vetur.

Skapandi verkefni/sköpun

Í leikskólanum er mikið um opinn efnivið sem hvetur til sköpunar. Við erum alltaf að vanda okkur að stýra ekki börnunum og minna okkur á að allt ferlið skiptir máli það er ekki bara útkoman. Að prufa sig áfram og uppgötva skipar stóran sess í skapandi starfi. Svo er mikilvægt að hafa fjölbreyttan efnivið og leyfa börnunum að fá frelsi í sköpuninni.

Kaffitímar barnanna

Eftir áramót lögðum við áhersla á að börnin myndu smyrja sjálf í kaffitímanum. Mjög fljótt sáum við að við þurftum að taka smjörið fyrir úr ísskápnum svo það væri auðveldara fyrir börnin að smyrja. Börnin voru almennt áhugasöm og eru orðin nokkuð lunkin við að smyrja. En stundum eru börnin þreytt og þá er minnsta málið að kennarinn aðstoði.



Uppbyggingastefnan

Uppbyggingastefnan snýst að miklu leyti um samskiptum og höfum við verið dugleg að tileinka okkur jákvæð samskipt og virðingu í samskiptum okkar á milli og barnanna. Í haust gerðu bæði starfsmenn og börn sáttmála um það hvernig við viljum hafa samskiptin okkar á milli og hvernig við viljum hafa vinnuumhverfið okkar. Við teljum okkur finna mun á starfsanda fólk er almennt mjög jákvætt og tilbúið að hjálpast að. Á deildunum höfum við lagt mikið upp með að gefa börnunum val og ekki lagt blátt bann við vissum hlutum heldur erum við að verða betri og betri að temja okkur umræðuna við börnin.

Mat barnanna

Hér koma spurningarnar sem börnin fengu og svörin eru rituð beint eftir þeim

Hvernig finnst ykkur að mega koma með dót í leikskólann?

Krakkarni voru sammála því að það væri gott að mega koma með dót í leikskólann „*því þá getum við sýnt hinum krökkunum dótið okkar*“ og líka fannst strákunum „*geggjað gott að mega koma með Lego kalla því annars er bara hægt að leika með Lego*“. Það var einum sem fannst þetta vont „*því dótið týndist þegar einhver lofar að passa það en gleymdi svo*“.

Hvernig finnst ykkur að hafa bókaorm?

Meirihluti krakkanna voru sammála því að gaman væri að koma með bækur. Einhverjir vildu „*koma alla daga með bækur*“. Einum fannst það „*ekki sniðugt af því ég og mamma gleymum alltaf að ég er bókaormur*“ þannig hann hefur aldrei komið með bók.

Hvað er gert á náttfata og bangsadegi? Hvernig finnst ykkur á svoleiðis degi?

Þau voru öll viss hvað ætti að gera á þessum degi að „koma í náttfötum með bangsa og svo er ball í salnum“. Meirihlutanum finnst þetta skemmtilegur dagur og „hann má aldrei hætta hann á alltaf að vera af því hann er svo skemmtilegur“. Það voru þó þrír strákar sem fannst þetta ekki skemmtilegur dagur og sögðu „stelpurnar eru alltaf að hlæja af böngsunum okkar“.

Hvernig finnst ykkur maturinn í skólanum? Er hann hollur?

„Maturinn er góður en stundum vondur eða bara bæði“. Meirihlutanum finnst grjónagrautur bestur en sumum fannst kjúklingur með kryddi mjög góður „kjúklingur með kryddi er geggjáð góður en við þurfum að drekka mikið með honum“. Þau voru öll viss að maturinn væri hollur nema „einu sinni voru vöflur og rjómi og það er ekki hollt“.

Ef þið mættuð ráða hvað væri í leikskólanum?

Börnin voru í þremur hópum þegar þau svöruðu spurningunum og var misjafnt eftir hópunum hver stefnan í þessu var. Einn hópurinn (bara strákar) vildu tölvuleiki, playstation, x-box og allt er viðkemur tölvuleikjum. Hinir hóparnir voru svipaðir vildu meira af allskonar dóti, „frábæra kubba sem hægt væri að gera lest og rússíbana“ legókalla og phetshop. Síðan vildu þau bæta á útisvæðið hoppukastala, trampólín, rússíbana, vegasalt, hringtæki fleiri rólur og blöðrur.

Foreldrakönnun

Leikskólapulsiinn er vefkannanakerfi sem leggur kannanir fyrir foreldra og starfsmenn í leikskólum í Garðabæ (sjá www.skolapulsi.is).

Á vef Skólapulsiins er að finna upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir kannanakerfisins. Kannanirnar eru hluti af innra mati leikskólans en tilgangur þess er að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs í leikskólum. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna.

Leikskólinn Akrar

Þátttaka foreldra var mjög góð eða 90% en töluvert þurfti að hafa fyrir því að ná til foreldra m.a. með nokkrum póstum frá leikskólanum.

Foreldrakönnunin innihélt matsþættina:

1. Daglegt leikskólastarf
2. Námsumhverfi
3. Samskipti við foreldra
4. Upphaf og lok leikskólagöngu
5. Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta
6. Opin svör



Samanstendur hver matsþáttur af nokkrum spurningum um vinnubrögð í leikskólanum, samskipti og upplýsingamiðlun, aðstöðu til leiks og náms svo að eitthvað sé nefnt.

Niðurstöður sýna að leikskólinn var yfir landsmeðaltali í þáttunum:

- Daglegt leikskólastarf
 - a) Ánægja með leikskólann
 - b) Hollt mataræði
- Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta

Einnig sýna niðurstöður að leikskólinn stendur sig vel í þáttunum

- Námsumhverfi
- Samskipti við foreldra.

Niðurstöður sýna að tækifæri eru til úrbóta í þættinum

- Samskipti við foreldra
 - a) Upplýsingamiðlun, þá hvað varðar starf og líðan barnanna í leikskólanum.

Auk þessara þátta gafst foreldrum kostur á að svara opnum spurningum, þeir voru beðnir um að lýsa því sem þeim þykir gott við skólann og hvað þeim finnst betur mega fara.

Foreldrar voru almennt ánægðir með starfsfólkið, fannst það jákvætt og glaðlegt og sögðu að börnunum sínum liði vel í leikskólanum. Einnig er almenn ánægja með aðstöðuna.

Leikskólinn Akrar

Foreldrum fannst vanta upp á upplýsingaflæðið og einnig fannst þeim þurfa að bæta útisvæðið.

Starfsmannahópurinn hefur farið yfir niðurstöðurnar og munum við gera áætlun til úrbótar. Er foreldrum þakkað fyrir þátttöku sína í mati á starfi leikskólans.

Barnahópurinn

Í leikskólanum eru fjórar deildir og eru 25 börn á hverri deild. Haustið 2014 aðlöguðum við 13 börn, 11 fóru á Móa, 1 á Lyng og 1 á Engi.

Leikskólinn Akrar

Fyrsta desember 2014 voru 100 börn á leikskólanum.

Það voru 13 börn fædd 2009

Það voru 49 börn fædd 2010

Það voru 27 börn fædd 2011

Það var 11 börn fædd 2012



Starfsmannahópurinn

Í desember 2014 voru 31 starfsmenn í leikskólanum og voru 2 af þeim í fæðingarorlofi. Þar af voru 7 leikskólakennarar, (1 með B.Ed. í grunnskólafræðum í fæðingarorlofi), 1 þroskaþjálfari, 4 háskólamenntaðir starfsmenn (1 í fæðingarorlofi), 15 leiðbeinendur, 1 matráður og 2 aðstoð í eldhúsi.

Stefna í starfsmannamálum

Vel hefur tekist hjá okkur byggja upp góðan starfsanda þar sem allir eru í sama liði og hjálpast að. Við horfum á leikskólann sem eina heild á morgnanna klukkan 7:30-9:00 og seinnipart klukkan 16:00-17:00. Á hverjum morgni klukkan 9:00 eru fundir þar sem einn starfsmaður af hverri deild kemur ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og farið er yfir stöðuna í húsinu, eru einhver veikindi á börnum og starfsmönnum og hvernig við hjálpumst að við að leysa daginn.

Við erum með fasta starfsmannaviðburði yfir veturinn og er vel mætt á þá og einnig erum við með starfsmannafélag sem tekur þátt í að greiða þá eitthvað niður.

Markmið okkar varðandi símenntun er að starfsmenn geti nýtt sér áhugaverð námskeið sem í boði eru t.d námskeið sem Menntanefnd Kragans býður uppá svo eitthvað sé nefnt. Leggjum við upp með að hver starfsmaður fari a.m.k. á tvö námskeið yfir skólaárið.

Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2013-2014

18. ágúst 2014 Starfsmannafundur 17:00-20:00

- Almennur fundur inn í sal.
- Farið yfir foreldrakönnum sem leikskólinn sendi að vori.
- Flæði, endurskipulagt stöðvar, upphaf og endi og fjöldi barna og starfsmanna.
- Farið rétt yfir notkun Ipada.

12. september 2014 Skipulagsdagur 8:15-16:15

- Námskeið fyrir hádegi - Sáttmálagerð og samskiptaleiðir út frá Uppbyggingastefnunni. Starfsmenn gerðu sinn sáttmála og kvittuðu undir.
- Almennur fundur inn í sal.
- Deildarfundir og vinna inn á deildum.

7. október 2014 Starfsmannafundur 17:00-20:00

- Hópefli, fórum í leiki.
- Almennur fundur inn í sal, rætt breytingar á flæði, hugmyndabanka og útiveruplan.
- Deildarfundir.

27. október 2014 Skipulagsdagur 8:15-16:15

- Uppbyggingastefnan
- Öryggismál
- Deildarfundir
- Eftir hádegi námskeið –Leikur að læra, Kristín Einarsdóttir íþróttá- og grunnskólakennari

5. nóvember 2014 Starfsmannafundur 17:00-19:00

- Jólaundirbúningur inn á deildum

2. janúar 2015 Skipulagsdagur 8:30-12:30

- Mat á skólastarfi desembermánaðar
- Deildarfundir

5.febrúar 2015 Starfsmannafundur 17:00-20:00

- Almennur fundur inn á sal, farið yfir ýmiss mál er varðar daglegt starf
- Deildarfundir

30. mars 2015 Starfsmannafundur 17:00-19:00

- Farið yfir tölvumál – kynning á heimasvæði, sameign, myndasvæði
- Starfsmannafélags mál

6. maí 2015 Starfsmannafundur 17:00-20:00

- Almennur fundur á sal
- Mat á skólastarfi vorannar


- Undirbúningur fyrir opið hús

15. maí 2015 Skipulagsdagur 8:15-16:15

- Lokið við mat á skólastarfi voranna
- Farið yfir foreldrakönnun og starfsmannakönnun
- Ipad námskeið – Fjóla með 3 klukku tíma kennslu

Húsnæði og viðhald

Á þessu skólaári var farið í viðgerðir á þakinu til að koma í veg fyrir meiri leka. Þegar það var búið var farið í að laga rakaskemmdir innandyr og voru Engi og Mýri og fatalefinn þeim megin í húsinu málað. Á útisvæði voru gerðar smá lagfæringar. Í byrjun skólaárs var hóllinn á lóðinni lagaður það var fyllt upp í holurnar og settar nýjar þökur yfir. Hurðarnar á útigeymslu og úti klósetti voru



pússaðar ásamt spýtunum sem eru sitthvoru megin við enda pallsins, þar sem börnin voru að fá mikið af flísum. Við fengum ný hlið og einnig var smíðaður kantur við neðra sandkassasvæði.